

Bæjarráð Hveragerðisbæjar ályktaði eftirfarandi á fundi sínum þann 7. október s.l. vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál.

Bókun bæjarráðs er svohljóðandi:

Bæjarráð hvetur alþingismenn til að styðja frumvarpið sem felur í sér að virðisaukaskattur vegna fráveituframkvæmda sveitarfélaga verði endurgreiddur að fullu.

Umrædd tillaga hefur verið baráttumál sveitarfélaga um langa hríð en nokkuð ljóst þykir að ef ekki kemur til stuðningur við fráveituframkvæmdir þá mun fjöldi sveitarfélaga ekki geta staðið að nauðsynlegum fráveituframkvæmdum og þar með ekki uppfyllt þau lög sem í gildi eru um fráveitur og hreinsun fráveituvatns.

Afgreiðsla bæjarráðs tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur
Aldís

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri Hveragerðisbæjar